

Mál nr 19/2015

Ár 2016, þriðjudaginn 29.mars var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 19/2015

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 26. nóvember 2015 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina V við rakkann W án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 8. desember 2015 og henni gefinn frestur til 5. janúar 2016 til að skila inn andmælum. Svar barst ekki siðanefnd innan tilskilins frests og var kærðu sent ítrekunarbréf og gefinn viðbótarsvarfrestur til 25. janúar. Svarbréf dagsett 21. desember barst og tiltók kærða að hún hefði áður póstlagt bréfið fyrir jól. Afrit svarbréfsins var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 2. september 2015 var tíkin V pöruð við rakkann W hinn 7. nóvember 2014 án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af hundakyninu Samoyed og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að hún hefði fengið þær upplýsingar á skrifstofu HRFÍ að dýralæknirinn Dagmar Vala Hjörleifsdóttir hjá Dýralæknamiðstöðinni í Grafarholti hefði framkvæmt augnskoðanir fyrir HRFÍ en dýralæknirinn hefði þó ekki tilskilin leyfi til útgáfu augnvottorða. Farið var með tíkina til Dagmarar Völu dýralæknis sem skoðaði tíkina og sagði að hún stæðist augnskoðun. Í framhaldi af því var ákveðið að para tíkina. Svarbréf kærðu var sent kæranda til umsagnar. Í umsögn kæranda er tiltekið að upplýsingar í bréfi kærðu séu rangar, skrifstofa HRFÍ bendir ekki á Dagmar Völu dýralækni til að gefa út augnvottorð, til þess hafi hún ekki réttindi. Þar er báðir aðilar höfðu komið fram með sín sjónarmið taldi siðanefnd rétt að taka málið til úrskurðar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Samoyed:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012)

Á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð, heldur var hún með augnvottorð frá dýralækni sem ekki hefur réttindi til útgáfu slíkra vottorða. Um það er ekki deilt. Kærða ákvað samt sem áður að para tíkina á grundvelli slíks vottorðs og rúmlega 10 mánuðum eftir pörun var farið með tíkina í augnskoðun hjá til þess bærum dýralækni sem staðfesti til allra heilla að tíkin væri heil að þessu leyti. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Það er mikilvægt öllum ræktendum að halda þessa reglu og skoðun eftirá er ekki samkvæmt reglum félagsins, það verður aldrei fyrirséð hverjar niðurstöðurnar verða.

Við mat á viðurlögum er tekið tillit til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og telu siðanefnd því hæfilegt að áminna kærðu.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir